
 Re: Stekkamýri í Hamarsfirði - deiliskipulag

Búið til	5.3.2021 16:09:02
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	5.3.2021 16:08:59
Tilheyrir	 202102-0020 - Stekkamýri í Hamarsfirði - deiliskipulag

Efni

Re: Stekkamýri í Hamarsfirði - deiliskipulag

Upplýsingar

Sent	5.3.2021 16:08:59	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	maria.markusdottir@mulathing.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0020 (OKV)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Múlaþing, dags. 12. febrúar, 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um deiliskipulagstillögu vegna Stekkamýri í Hamarsfirði.

Deiliskipulagið tekur til stakrar 1 ha íbúðarlóðar í landi Stekkamýrar við norðanverðan Hamarsfjörð neðan Hringveggar í Djúpavogshreppi. Íbúðarlóðin er tveir byggingarreitir, annars vegar fyrir íbúðarhús um 44 m frá fjöru og hins vegar bátaskýli um 10 m frá fjöru. Milli lóðanna rennur Hálslækur sem myndar ós í flæðarmálinu bak við smágrýttan fjörुकamb. Samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir göngustíg um f örुकambinn milli bygginganna og brú yfir ósinn. Gert er ráð fyrir um 350 m löngum aðkomuvegi frá hringvegi suður að byggingarreit 1.

Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps er kveðið á um að 100 m belti frá fjöruborði til lands skuli vera óbyggt svæði en gerð er undantekning fyrir deiliskipulagssvæðið sem hér um ræðir. Innan byggingarreits 1 er gert ráð fyrir 120 m² íbúðarhúsi og 3 bílastæðum en 70m² bátaskýli til eigin nota eigi að koma á byggingarreit 2. Eru lóðirnar staðsettar með það í fyrirrími að þær þoli þá veðráttu sem er á svæðinu og að byggingar falli sem best að landinu. Í greinargerð er framkvæmdinni lýst þannig að byggingar skuli falla sem mest að umhverfi og að sýnileika, bæði ofan frá vegi og neðan frá sjó, sé haldið í lágmarki.

Vistgerðir

Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni segir að: „Landið er all vel gróið, og er þar að finna mó-, gras- og votlendi. Á svæðinu eru vistgerðir sem margar hafa hátt verndargildi og sumar hverjar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.“ Ekki er gert grein fyrir umfangi vistgerða sem verða fyrir beinum áhrifum af framkvæmdinni.

Á byggingarreit 1 eru mólendisvistgerðir ríkjandi skv. vistgerðakorti og virðist það koma heim og saman ef skoðaðar eru loftmyndir og ljósmyndir frá framkvæmdasvæði. Á byggingarreit 2 er hallamýri sem fellur undir starungsmýravist samkvæmt vistgerðakorti sem þykir sennilegt af loftmyndum og ljósmyndum í greinargerð að dæma. Á aðkomuleið er farið um vistgerðir þurrlandis nær byggingarreit 1 en nær hringvegi benda loftmyndir til þess að um votlent svæði sé að ræða þótt mögulega geti land verið nokkru þurrara einmitt þar sem gert er ráð fyrir vegstæði. Vistgerðakort sýnir ekki votlendi á þessu svæði en nokkur óvissa getur verið um útbreiðslu þeirra vistgerða á kortinu og er líklegt að það eigi við hér í þessu tilfalli. Þar sem afmörkun votlendis stærra en 2 ha byggir á útbreiðslu vistgerða er möguleiki fyrir hendi að votlendi á þessu svæði falli undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Það þykir því nokkuð líklegt að á framkvæmdasvæði séu bæði vistgerðir með hátt verndargildi og votlendi sem gæti fallið undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Ekki liggur fyrir gróðurkort af þessu svæði sem gefa mundi meiri upplýsingur um útbreiðslu votlendis þar sem þetta svæði hefur ekki verið gróðurkortlagt.

Útplöntun og tegundaval

Útplöntun er heimiluð á lóðinni þótt ekki megi planta nær vatnsbakka en 30-50 m eins og kveður á um í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps sem vísað er í í greinargerð. Val á gróðri skuli taka mið að því að spilla ekki útsýni og umhverfisgæðum svæðisins en nákvæm staðsetning ákvarðast á vettvangi.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að vanda skuli val tegunda til útplöntunar. Erlendar trjategundir sem algengt er að notaðar eru við skógrækt hér á landi hafa sýnt fram á að þær dreifi sér í náttúrunni. Slíkur gróður hefur óneitanlega áhrif á landslag og sjónræna upplifun enda til marks um mannleg áhrif í náttúrunni. Eigi framkvæmdin að vera samkvæm sinni lýsingu um að falla sem best að umhverfi og halda sýnileika í lágmarki, ætti tegundaval við útplöntun að taka mið af innlendri flóru.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda deiliskipulagstillögu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að töluverðar líkur séu á því að vistgerðum með hátt verndargildi, þar með talið votlendi, verði raskað við framkvæmdina. Hins vegar er framkvæmdin ekki af þeirri stærðargráðu að rask verði umfangsmikið. Náttúrufræðistofnun telur því ekki ástæðu til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna en vill ítreka að við framkvæmdir verði leitast við að halda raski á grónu landi og jarðvegi í lágmarki og að frágangur verði með þeim hætti að hann spilli sem minnst ásýnd svæðisins. Eins verði hugað að tegundavali við útplöntun að hún taki mið af innlendri flóru og ásýnd gróðurs á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Markúsdóttir" <maria.markusdottir@mulathing.is>
To: "haust@haust.is" <haust@haust.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "na@na.is" <na@na.is>; "Aðalsteinn Þórhallsson" <ath@hef.is>
CC:
Subject: Stekkamýri í Hamarsfirði - deiliskipulag
Date: 12.2.2021 10:53:37

Góðan dag.

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi sem sett er fram með uppdrætti og greinargerð. Frestur til að senda inn umsögn er til 8.mars nk.

Bestu kveðjur / Best regards,

María Markúsdóttir

Skipulagsfulltrúi

Múlaþing

Sími 4 700 700

Viðhengi

image001.png (11 KB)